

Nr. 042 / 12 Guðmundur VE 29***Skipverji slasast á andliti***

Skipaskr.nr. 2600
Smíðaður: Noregi 1987, stál
Stærð: 1425 brl. 2489 BT
Mesta lengd: 77,6 m Skráð lengd: 71,06 m
Breidd: 12.6 m Dýpt: 8.5 m
Vél: Wichmann 1986, 2998 kW
Fjöldi skipverja: 18



Guðmundur©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 27. apríl 2012 var Guðmundur VE 29 á kolmunnaveiðum með flottroll um 70 sml SSA af Færeyjum. Veður: NNV 10 m/s. og ölduhæð um 4 m.

Skipverjar voru að taka trollið og höfuðlínustykkið að koma inn en leggur var yfir því sem gerði það að verkum að ekki var hægt að hífa það fyllilega upp úr trollinu. Stjórnandi flotvindunnar slakaði einnig kapalvindunni en heyrði ekki þegar hann var beðinn um að stöðva hífingu. Leggurinn slitnaði þá með þeim afleiðingum að skipverji, sem stóð rétt fyrir aftan flottrollsvinduna, fékk hann í andlitið. Skipverjinn vankaðist og hlaut áverka í andliti.

Talið var greinilegt að öryggishjálmur skipverjans hefði hlíft honum nokkuð.

Siglt var með slasaða til Þórshafnar í Færeyjum undir læknishendur.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist hafa staðið stjórnborðsmegin við trollið og hafi ekki orðið var við neitt óvenjulegt í hífingunni. Hann sagðist ekki hafa heyrt boðin til spilmanns um að stöðva hífingu. Hann hafi vankast við höggið og ekki vitað af sér í skamma stund;
- að fram kom að samskiptakerfi í hjálmunum hefði ekki verið í nógu góðu lagi;
- að höfuðlínustykkið (drekinn, flugdrekinn) er nokkuð sjálfstæður hluti trollsins sem hjálpar við að halda trollinu opnu (lóðrétt) á toginu. Það er híft upp í bómuna jafnhliða því sem verið er að hífa fremsta hluta trollsins

inn á flotvindutromluna og er síðan slakað inn á hana eftir því sem trollið vefst upp á tromluna ;

- að mikill fjöldi mis sverra leggja liggur niður í pokann og myndar hliðarvængina og belginn en einn af þessum leggjum slitnaði;
- að skipstjóri taldi að leggurinn sem slitnaði hafi sennilega verið skemmdur enda hafi spilið ekki þann kraft að slíta óskemmdan legg. Hann sagði einnig að lélegt fjarskiptasamband væri sumstaðar á þilfarinu og að ástand kerfisins hafi ekki verið upp á það besta.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök slyssins vera fjarskiptavandræði milli skipverja.